

## Minnisblað – Hafnargerð við Brjótinn á Suðureyri



Verkkaupi: Hafnir Ísafjarðarbæjar

Umsjónaraðili: Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri

### 1. Inngangur

Að ósk hafnarstjóra er hér lögð fram forhönnun og gert kostnaðarmat við hafnargerð við Brjótinn á Suðureyri. Óskað hefur verið eftir hönnunarskipi hjá Elíasi Guðmundssyni/Fishermann, þær upplýsingar hafa ekki borist. Þegar nákvæm stærð skipa liggur fyrir verður minnisblaðið uppfært.

Kostnaðartölur í þessu minnisblaði ná til þess hluta framkvæmda sem geta hlotið styrk úr hafnarbótasjóð, þ.e.a.s. stálþilskantur með steyptri þekju, vatni og rafmagni, viðgerðir á brjótnum og dýpkun. Ekki er lagt mat á landfyllingar utan við það svæði sem getur hlotið ríkisstyrk.

Síða 1/2

### 2. Frumhönnun

Við gerð þessa minnisblaðs er notast við dýptarmælingu frá Sjósmælingum Íslands og Borrómælingar frá árinu 1979. Áður en að hönnun hefst þarf að mæla dýpi á svæðinu og framkvæma Borrómælingar til að ná nákvæmlega utan um fyllingarmagn, dýpkun og lengd þilskurðar.

Í framkvæmdinni er mikilvægt að botni í amk. 10 m fjarlægð frá Brjótnum verði ekki raskað þar sem það gæti ollið frekari skemmdum á mannvirkinu.

Gert er ráð fyrir að stálþilið sé byggt samhliða landfyllingunum í kring svo ekki er áætlaður kostnaður í aðkomuveg að svæðinu.

Á teikningu C1504 eru sýndar Borrómælingar, samkvæmt þeim er ljóst að ekki verði unnt að reka þilið nema með því að gera þilskurð í klöpp.

Gert er ráð fyrir 80 m stálþili með hönnunardýpi -6,0 m, 60 m viðlegukantur og 20 galf sem er lokað með grjóthleðslu í báða enda. Á stálþilið verður steypdur kantbiti með pollum og stigum. Steypd verður þekja og rafmagns- og vatnshús.

Samhliða hafnargerðinni er lagt til að farið verði í viðgerðir á Brjótnum. Brjóturinn var skoðaður af fulltrúa Vegagerðarinnar og hafnarstjóra í haust og mannvirkið er illa farið. Lagt er til að gera við skemmdir í vegg og á þekju brjótsins auka þess að endurraða og bæta við grjótvörn utan á steypa skipið.

Vegagerðin  
Kjartan Elíasson

### 3. Kostnaður

Þar til að dýptar- og borrómælingar liggja fyrir er talsverð óvissa sem ríkir um fyllingarmagn, lengd þilskurðar og dýpkun á föstu efni. Hér er gert ráð fyrir að dýpi sé svipað og á sjókortinu, að þilskurð þurfi fyrir allt þilið en að ekki þurfi að dýpka fast efni.

Kostnaður við dýptar- og borrómælingar er ca. 12-15 m.kr.

Áætlað er að heildarkostnaður við endurbyggingu Brjótsins sé um 108 m.kr með vsk. sú framkvæmd telst sem endurbygging hafnarmannvirkis og getur því hlotið 75% styrk úr hafnabótarsjóð.

Kostnaður við endurbyggingu á Brjótnum	<b>108.4</b>
Þar af hlutur hafnasjóðs 25% án vsk	21.9
Þar af hlutur ríkissjóðs 75% án vsk	65.6

Áætlaður heildarkostnaður við byggingu stálþilskantsins með þekju er um 432 m.kr með vsk. Sú framkvæmd er nýbygging og getur hlotið 60% styrk út hafnabótarsjóð.

Kostnaður við viðlegukant	<b>432.1</b>
Þar af hlutur hafnasjóðs 40% án vsk	139.4
Þar af hlutur ríkissjóðs 60% án vsk	209.1

Heildarkostnaður við framkvæmdina er því metinn á 540 m.kr. með virðisaukaskatti.

Fylgiskjöl:

1. Kostnaður sundurliðaður
2. Borrómæling C1504
3. Afstöðumynd frá Verkís